Fréttabréf

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

3. tölublað 2026



Hjálpumst að heima og heiman!

Við sendum þér 3.500 kr. valgreiðslu í heimabankann svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda



Ég sé þig – gleðileg jól

Fyrir mörgum árum þegar ég var að taka upp myndband af börnunum mínum að leik sagði dóttir mín, sem þá var sjö ára gömul, við mig: „Pabbi, sérðu mig?“ Hún vildi vera alveg örugg um að hún væri í mynd. Þorpsleiðtogi í Jijiga-héraði í Eþíópíu sagði við mig þegar við vorum í vettvangsferð fyrir nokkrum árum: „Þið eruð nánast þau einu sem eru með verkefni hér á okkar svæði. Við erum alltaf að reyna að láta vita af okkur en fáir hlusta.“

Ef þorpsleiðtoginn hefði notað sama orðalag og dóttir mín hefði hann sagt: „Við erum alltaf að kalla, sjáið okkur, en fáir bregðast við.“

Sama á við um fólk á öðrum svæðum heims þar sem eru erfiðar aðstæður, ófriður og neyð, til dæmis í Súdan, Suður-Súdan, Afganistan og Jemen. Við erum hætt að sjá þau þrátt fyrir að neyðin sé yfirþyrmandi. Spurningin „sérðu mig?“ er í þessu samhengi mjög áleitin. Ef ég sé þig og staðfesti það við þig hefur það áhrif á okkur bæði. Staðfestingin er stórt skref í því að við getum talað saman, gert okkur grein fyrir aðstæðum og breytt þeim til hins betra. Þetta á líka við á Íslandi. Er það kannski þess vegna sem við veljum stundum að sjá ekki, vegna þess að þá þurfum við ekki að gera neitt? Hleypum ekki öðrum að okkur?

Á jólum viljum við segja við fjölskyldur á Íslandi sem þurfa á stuðningi að halda: „Við sjáum ykkur.“

Með þínum stuðningi, til dæmis með því að greiða valgreiðslu sem bíður þín í netbankanum, getum við stutt fjölskyldur með inneignarkortum í matvöruverslunum svo allir geti gert sér glaðan dag um hátíðirnar. Sama á við um þorpsleiðtogann í Eþíópíu. Vegna stuðnings fólks á Íslandi getum við sagt við hann: „Við sjáum þig og við sjáum fólkið í þínu samfélagi. Við viljum efla sjálfbærni og afkomu ykkar samfélags með þróunarsamvinnuverkefni á svæðinu.“

Á jólum sjáum við gjarnan fyrir okkur Jesúbarnið reifað og liggjandi í jötu. Þetta sama barn sagði á fullorðinsaldri:

„Því hungraður var ég og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hýstuð mig, nakinn og þér klædduð mig, sjúkur og þér vitjuðuð mín, í fangelsi var ég og þér komuð til mín.“ (Matteus. 25, 35–36)

Sjáum hvert annað – gleðileg jól.

Bjarni Gíslason

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Fréttabréf 3. tbl. 2026
Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason. **Ábyrgðarmaður**: Svavar Hávarðsson. **Hönnun**: Birgir Þ. Jóakimsson.
Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson. **Aðrar myndir**: Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar.

Aðstoð við efnalitlar fjölskyldur fyrir jólin

Í desember aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 17. desember.

Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og gjafir fyrir börnin.

Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, þann 26. nóvember og 27. nóvember kl. 11.00-14.00.

Umsækjendur eru beðnir um að mæta með gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Umsóknarfrestur fyrir umsókn á heimasíðu Hjálparstarfsins er 9. desember næstkomandi.

Hjálparstarf kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.

Assistance for low-income families in December

Icelandic Church Aid assists low-income families before Christmas.
Support is provided with debit cards in grocery stores issued at the latest on December 17th.

Second-hand festive clothes and presents for children are also provided.

Families with children, living in Reykjavík, may apply at the Icelandic Church Aid Office at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application days are on November 26th and November 27th between 11.00 and 14.00.

Please remember to bring income and expenses documents (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

Deadline for on-line application is December 9th.

Icelandic Church Aid, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Phone: 528 4400.

AVIS
AZMedica.
BM·VALLÁ
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum í yfir fimmtíu ár
Bílanaust
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI
BRIM
BusTravel Iceland
Dalvíkurbyggð
Deloitte.
DRÁTTARBÍLAR



Mörg hundruð fjölskyldur leita aðstoðar hver jól

Nú nálgast jólin óðfluga en aldrei er þörfin fyrir neyðaraðstoð Hjálparstarfsins eins mikil og einmitt í aðdraganda hátíðanna. Undanfarinn áratug hafa barnafjölskyldur leitað til Hjálparstarfsins á aðventunni í rúmlega fimmtán þúsund skipti.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt á Íslandi efnislegan stuðning og félagslega ráðgjöf allt árið. Neyðaraðstoð felst fyrst og fremst í að aðstoða fólk við matarinnkaup en einnig er veitt annars konar aðstoð.

Aldrei er þörfin eins áberandi og um jólin en starfsmenn Hjálparstarfsins eru þegar byrjaðir að undirbúa úthlutun í aðdraganda hátíðanna, sem er annasamasti tími ársins. Margir eru í mjög erfiðri stöðu og því ekkert sem bendir til annars en að stór hópur leiti stuðnings fyrir komandi jól eins og undanfarin ár.

Þetta sést vel þegar lagst er yfir bækur Hjálparstarfsins síðastliðin tíu ár. Þar kemur í ljós að í desember hafa barnafjölskyldur leitað til Hjálparstarfsins og fengið aðstoð í 15.602 skipti frá og með árinu 2016. Þessi tíu ár sýna jafnframt eindregna þróun en fyrri fimm árin voru þau sem til Hjálparstarfsins leituðu fæst á milli tólf og þrettán hundruð en seinni fimm árin töluvert fleiri og aldrei færri en fimmtán hundruð.

Eins má taka fram að tölfræðin tekur aðeins til fjölda þeirra fjölskyldna sem til Hjálparstarfsins leita. Því er ljóst að jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar nær til þúsunda ár hvert og hefur náð til tugþúsunda þegar horft er þessi tíu ár aftur.

Börnin ganga fyrir

Sú regla er viðhöfð hjá Hjálparstarfinu við útdeilingu aðstoðar á aðventunni að barnafjölskyldur ganga fyrir við úthlutun. Því stendur stór barnahópur að baki þeim umsóknum sem Hjálparstarfinu berast á aðventunni.

Það er reynsla félagsráðgjafa Hjálparstarfsins að hið minnsta séu þrjú börn að meðaltali að baki hverri fjölskyldu sem fær aðstoð. Kemur það til vegna þess að allstór hluti þeirra fjölskyldna sem fá aðstoð er af erlendum uppruna og margar þeirra barnmargar. Má hiklaust gera ráð fyrir að á milli fjögur og fimm þúsund manns, börn og fjölskyldur þeirra, hafi notið stuðnings Hjálparstarfsins fyrir jólin undanfarin ár.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfsins telja að ekkert bendi í raun til annars en að enn þrengi að þeim hópi sem var fyrir í viðkvæmri stöðu. Sé horft til síðustu jóla er ekki beint um fjölgun í þeim hópi sem leitar til Hjálparstarfsins að ræða heldur að þau sem koma til að leita sér aðstoðar séu í meiri vanda en áður. Vandi þeirra fjölskyldna sem hafa átt undir högg að sækja vex.

En vandi þeirra sem búa við fátækt er oft og tíðum djúpstæður og tengist áföllum fyrr á ævinni. Þetta



Jólaaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar 2016 -2025

Fjöldi fjölskyldna sem fengu aðstoð ár hvert



einkennir stóran hóp fólks, þó alls ekki alla, sem kemur til Hjálparstarfsins. Það þarf því margt að breytast til að koma í veg fyrir fátækt, einmanaleika og félagslega einangrun.

„Einmanaleikinn er hræðilegur fylgifiskur fátæktar. Síðan myndast vítahringur sem börn sem búa við fátækt ná aldrei að rjúfa. Við erum að sjá þriðju og fjórðu kynslóð barna, einstaklinga, sem eru föst í fátæktargildru með öllu sem því fylgir. Þá erum við að tala um skólagöngu, styttri lífslíkur og fleira. Þetta eru ekki bara krónur og aurar heldur tekur fátæktin yfir öll lífsgæði fjölskyldna," hefur Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastýra innlendra verkefna hjá Hjálparstarfinu, bent á og orð hennar eiga vel við nú sem fyrr.

Gjafir í þúsunda vís

Eitt af mikilvægustu verkefnum Hjálparstarfsins ár hvert er að miðla fallegum jólagjöfum til barna sem búa við fátækt, en þessi aðstoð kemur til viðbótar við þá aðstoð sem rædd er hér að ofan. Þessi jólin, eins og öll fyrri jól, skipta gjafirnar þúsundum sem starfsmenn og sjálfboðaliðar taka á móti og miðla áfram til stórs hóps barna.

Gjafirnar tryggja að undir jólatré í stofu fjölmargra fjölskyldna verður glaðningur sem ekki hefði verið þar að finna að öðrum kosti. Ef nákvæmni er gætt þá voru þær rúmlega 2.500 talsins sem voru opnaðar á aðfangadag í fyrra af um 650 börnum sem búa við fátækt. Forráðamenn barnanna geta valið um tvær til fjórar gjafir fyrir hvert barn: leikfang, bók, spil eða hlýjan fatnað. Því til viðbótar geta margir valið smærri gjafir sem henta vel til þess að setja í skóinn í aðdraganda jóla, þótt þær séu ekki taldar með hér.

Má nefna að styrktarsamfélag Hjálparstarfsins er víðfeðmt og gjafavara berst til stofnunarinnar jafnt og þétt yfir árið, þótt flestar gjafirnar berist Hjálparstarfinu á aðventunni. Stór hluti þessara gjafa berst frá almenningi sem skilur þær eftir undir jólatrjánum í verslunarmiðstöðvunum Kringlunni og Smáralind. Þær berast auk þess frá einstaklingum, hópum sem koma saman í félagsstarfi hvers konar, fyrirtækjum og mörgum fleirum. Vinna við undirbúning jólagjafaúthlutunar hefst því mörgum vikum fyrir jól og að því starfi kemur hópur sjálfboðaliða í samstarfi við starfsfólk Hjálparstarfsins.



Skjólið opnaði í miðjum heimsfaraldri en á meðal þeirra sem þá komu saman voru þáverandi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir og sitjandi forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson. Hér með þeim á myndinni er umsjónarkona Skjólsins, Rósa Björg Brynjarsdóttir.

Skjólið, opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, var opnað í febrúar 2021 í kjallara Grensáskirkju. Þegar Skjólið hafði starfað í rúmlega fimm ár höfðu vel á annað hundrað konur fundið þar afdrep í lengri eða skemmri tíma.

Þegar skammt var liðið á árið 2019 vakti fyrrverandi biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, máls á því á fundi kirkjuráðs að þjóðkirkjan beitti sér fyrir opnun dagseturs fyrir heimilislausar konur. Hugmyndinni var strax vel tekið og undirbúningur að stofnun þess hófst.

Skjólið, eins og dagsetrið var nefnt, opnaði dyr sínar í fyrsta skipti rétt nær tveimur árum síðar eða 15. febrúar 2021 í kjallara Grensáskirkju – en formleg opnun var tíu dögum síðar. Skjólið átti því fimm ára afmæli fyrir skemmstu. Þessi ár hafa Þjóðkirkjan og Hjálparstarf kirkjunnar boðið konur sem búa við heimilisleysi velkomnar. Í Skjólinu geta konurnar hvílt sig og borðað saman auk þess sem þeim stendur til boða hreinlætisaðstaða. Þá eru starfskonur Skjólsins til staðar til að sinna þörfum kvennanna fyrir samveru og nánd en konunum er mætt með hlýju þar sem skaðaminnkandi hugmyndafræði og áfallamiðuð nálgun eru höfð að leiðarljósi.

Reynslan hefur sýnt að konunum finnst dýrmætt að geta komið í Skjólið á daginn, hitt þar aðrar konur og fengið samveru, hlýju og góðan mat. Þær upplifa öryggi og líta á Skjólið sem griðastað þar sem ríkir ró og næði sem er þeim, eins og okkur öllum, nauðsynlegt í amstri dagsins.

Frá þessum febrúardegi árið 2021 hafa konur, margar hverjar í nær vonlausri stöðu í sínu einkalífi, fundið í Skjólinu vin í eyðimörkinni, þó aðeins sé það dagpart í senn. Konurnar koma úr öllum áttum. Margar kalla Ísland heimaland sitt. Aðrar koma lengra að en í grunninn eru þær allar á líkum stað og þurfa aðstoð. Skjól. Flestar þeirra kvenna sem koma í Skjólið fara aftur án þess að skilja eftir sig varanleg ummerki, nema ef væri í hugum þeirra sem tilheyra Skjólinu á einn eða annan hátt. Við sem erum svo lánsöm að búa við öryggi getum aldrei sett okkur í spor þeirra sem eiga hvergi höfði að halla.

Konur á öllum aldri

Rétt rúmlega fimm árum frá opnun höfðu 170 konur heimsótt Skjólið. Þær eru á öllum aldri, sú yngsta 18 ára en sú elsta á 74. aldursári. Við þau tímamót, þegar fimmta starfsárinu lauk í júnílok 2026, voru heimsóknirnar orðnar 7.283 talsins.

Þegar rýnt er í tölfræði Skjólsins má sjá að 21 kona kom í hverjum mánuði á þessu fimm ára tímabili, að meðaltali. Heimsóknirnar hafa verið 112 að meðaltali í hverjum mánuði og sex konur heimsótt Skjólið daglega. Flestar heimsóknir í Skjólið voru í október 2022 eða 201 heimsókn frá 25 konum en þann mánuð voru að meðaltali 10 konur í húsi á hverjum degi. Flestar konur heimsóttu Skjólið í mars 2023 eða 31 kona sem kom í 180 heimsóknir.

Fjöldi heimsókna á ári



Skjólið opnaði 15. febrúar 2021 og náði við því ekki heilu starfsári 2020 – 2021.

Fjöldi kvenna á ári



Alls hafa 170 konur komið í Skjólið í eitt eða fleiri skipti. Athygli vekur að ár frá ári eru konurnar sem þangað leita áþekkar að fjölda.

Að mæla sér mót

Frá upphafi hefur starfið í Skjólinu verið unnið á forsendum kvennanna sjálfra og þeim mætt á þeim stað sem þær eru hverju sinni. Til viðbótar við hvers-dagslegt amstur geta konurnar mælt sér mót við fagaðila, hvort sem það er vegna umsýslu innan félagslega kerfisins eða þegar þær þurfa að leita sér þjónustu heilbrigðiskerfisins. Þetta auðveldar þeim að sækja þjónustu sem þær eiga rétt á en myndu oft neita sér um að öðrum kosti. Þau sem veita þjónustuna telja Skjólið mikilvægan hlekk í því að tryggja öryggi þessa viðkvæma hóps.



Á hverjum degi er boðið uppá heitan heimilismat í hádeginu sem matreiddur er af umsjónarkonum Skjólsins. Hér eru við matseld þær Rósa og Una sem hafa starfað í Skjólinu frá opnun.


BRAUÐ
& CO
Jóla
LAG
KAKA
BRAUÐ
& CO
Jóla
LAG
KAKA
BRAUÐ
& CO
Gleðilega
HÁTÍÐ



EKKI LÁTA HVERN SEM ER
SKIPTA UM **ÞAKIÐ** HJÁ ÞÉR

FRÍTT VERÐTILBOÐ

NÝTT ÞAK

www.nyttthak.is

Sími: 698 2298



Sagði skilið við glæpaklíku og lærði hárgreiðslu

Elvis við störf á hárgreiðslustofunni Cute&Cut. Þar er hann alsæll.

Elvis Gumisiriza er tvítugur piltur sem starfar á snyrtistofu í Banda, einu fátækrahverfi Kampala, höfuðborgar Úganda. Elvis missti föður sinn ungur en móðir hans er á lífi. Vegna fátæktar hennar þurfti Elvis að hætta skólagöngu sinni ungur og leita sér að vinnu í skuggahverfum höfuðborgarinnar.

Elvis var á góðu róli árið 2022 og hafði náð góðum árangri í skólanum sínum í Mbarara. Hins vegar lauk skólagöngu hans áður en hann gat útskrifast þar sem móðir hans gat ekki greitt fyrir hann skólagjöld. Hún afréð að senda Elvis til frænku sinnar í Kampala og hann flosnaði því alfarið upp úr skóla, en rökin fyrir þeirri ákvörðun móður hans voru að hann gæti auðveldlega fengið vinnu í höfuðborginni, sem hafði reynst ómögulegt í heimabænum. Ábyrgðin á því að sjá fyrir sér var því sett á herðar hans en frænkan í Kampala átti að styðja hann í atvinnuleitinni. Það fór þó öðruvísi en áætlað var þar sem fjárhagsstaða hennar var síst betri en móður hans.

Hneppt í ánauð

Í Kampala er stór hluti íbúa ungt fólk sem hefur safnast til borgarinnar í von um vinnu og betra líf. Oft fer það öðruvísi en áætlað er því mörg þeirra eru misnotuð af eldra fólki og eru hneppt í ánauð þar sem þau eru höfð að féþúfu af glæpamönnum sem gera þau út. Eins eru hópamyndanir ungra karlmanna skilgreindar sem sérstakt vandamál af borgaryfirvöldum. Þeir hópast saman til að finna sér lífsviðurværi en oft myndast klíkur sem leiðast til að sjá fyrir sér með smáglæpum. Ein er sú iðja þeirra að safna plastflöskum eða brotajárni til að selja. Í slíkum hópi fann Elvis félagsskap og var fljótt kominn í alvarlega stöðu.

Leiðtogar hópsins beindu kröftunum ekkert síður að smáglæpum og áhrifagjarnir drengir, eins og Elvis, tóku þátt enda fátt annað í boði. Frænkan sá hvað verða vildi, enda heimsóttu drengirnir Elvis og hún þekkti til verka þeirra.

Í síðustu heimsókn starfsmanna Hjálparstarfsins til Kampala í febrúar sagði Elvis frá því að frænka hans hefði gripið inn í.

„Í hverfinu þekkti frænka mín unga stúlku sem hafði fengið inni í smiðju UYDEL í Banda. Hún bað hana um að taka mig með í smiðjuna einn daginn. Ég fór í viðtöl og þau leyfðu mér að skrá mig í þjálfun," sagði Elvis og leit varla upp úr vinnu sinni á hárgreiðslustofunni Cutie & Cut í Bweyogerere-hverfinu í Kampala.

Þarna vísar hann til þess að hann fékk að hefja nám í hárgreiðslu eftir að hafa verið metinn í hættu í þeim félagsskap sem hann var kominn í. Kom í ljós að það var draumur hans; að læra hárgreiðslu og að verða meistari í þeirri iðn.

Greitt fyrir hvern haus

„Ég lærði hárgreiðslu en fór líka á alls konar námskeið sem hafa hjálpað mér mikið, námskeið í því hvernig á að sækja um vinnu og viðskiptafræði. Ég öðlaðist líka starfsreynslu með því að vinna tímabundið á hárgreiðslustofum í hverfinu," segir Elvis en mikilvægur þáttur í þjálfun krakkanna í smiðjum UYDEL er að undirbúa þau í að takast á við áskoranir á vinnumarkaði borgarinnar sem getur verið óvæginn og erfiður.

Þess utan fékk Elvis fræðslu um ábyrga kynhegðun og kynheilbrigði. Allt er þetta hugsað til þess að gera ungu fólki með veikt stuðningsnet kleift að taka upplýstar ákvarðanir í lífi sínu á viðkvæmum tímapunkti.

> **Ég er hamingjusamur af því að ég hef ekki lengur áhyggjur alla daga; áhyggjur af því hvort ég geti keypt mér að borða eða hvort ég verði handtekinn af lögreglunni.**

Eftir útskrift úr smiðju UYDEL í Banda hóf Elvis atvinnuleit, og það með góðum árangri. Hann fékk fljótlega starf við hárgreiðslu hjá Cutie & Cut og hefur starfað þar í tæpt ár. Hann fær greitt fyrir hvern haus sem hann klippir og hefur ágætis laun miðað við aldur sinn sem gerir honum kleift að kaupa allar nauðsynjar og safna í varasjóð. Þar kemur námið í viðskiptafræðinni sér vel og ef allt gengur eftir þá vonast Elvis til að setja á fót sína eigin stofu, en líkt og jafnaldrar hans flestir dreymir hann um að verða sinn eigin herra með stofnun lítils fyrirtækis.

„Ég er hamingjusamur af því að ég hef ekki lengur áhyggjur alla daga; áhyggjur af því hvort ég geti keypt mér að borða eða hvort ég verði handtekinn af lögreglunni.annski get ég líka hjálpað mömmu meira seinna. Ég ætla að styðja hana og eignast mína eigin stofu. Þá verður allt gott en ég vil líka hjálpa krökkum sem eru í vandræðum og UYDEL sem ég á svo mikið að þakka," segir Elvis.

FJÁRHEIMAR
Rekstur - Bókhald - Reikningsskil - Skattamál
Upplýsingatækni



Með hlýhug til Hjálparstarfs kirkjunnar

Fjárheimar senda starfsfólki, sjálfboðaliðum og öllum þeim sem nýta sér þjónustu Hjálparstarfs kirkjunnar hlýjar kveðjur.

Takk fyrir mikilvægt starf, hlýju og stuðning sem veitir fólki styrk á erfiðum tímum.

Með kærri kveðju,
Starfsmenn og eigendur Fjárheima

+354 482 3454
fjarheimar@fjarheimar.is
www.fjarheimar.is

TRAUST • FAGMENNSKA • FRAMTÍÐ



Flóttafólk frá Kongó safnast fyrir í móttökustöðvum í Nakivale áður en þau fá úthlutað landskika.

Englar dauðans svífa yfir Kongó

Hörð átök hafa geisað í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó um langt skeið og fólk flúið til nágrannalanda þúsundum saman. Hjálparstarfið hóf þátttöku í verkefni árið 2025 vegna flóttamannastraums frá Kongó til Úganda.

Vopnuð átök í Kongó hafa stigmagnast síðustu ár og voru mjög blóðug fyrstu mánuði ársins og í raun til þessa dags. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum hafa þúsundir látið lífið og fleiri en 500 þúsund lagt á flótta síðan í janúar 2025. Í Kivu í Kongó hefur ástandið verið sérstaklega slæmt og fólkið þar býr við mikinn skort og óöryggi. Í mars 2025 höfðu um 36.000 manns bæst í hóp flóttafólks í Úganda á fyrstu þremur mánuðum ársins en síðan þá hafa hundruð, og stundum þúsundir, bæst við þann hóp vikulega. Móttökustöðvar í Úganda eru löngu sprungnar og mikil þörf á að bregðast við.

Hjálparkall

Vegna stöðunnar sendi Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna (ACT Alliance) frá sér ákall þann 23. maí 2025. Ákallið CEA241 – Revision 1 náði til starfsemi ACT Alliance í Kongó, Úganda og Tansaníu. Langflestir skjólstæðingar sem ákallið nær til dvelja í Úganda og Lútherska heimssambandið (Lutheran World Federation, LWF) - samstarfsaðili Hjálparstarfsins í þróunarsamvinnu í Kampala, þjónar langflestum skjólstæðingum samkvæmt ákalli ACT Alliance og leiðir auk þess starf samstarfsaðila í Úganda.

Í lok maímánaðar 2025 var ákveðið að senda 21 milljónar króna fjárframlag til LWF í Úganda vegna stöðunnar sem að ofan er lýst. Rétt þótti að eyrnamerkja framlagið LWF í Úganda sem bæði aðstoðar flóttafólkið með beinum hætti og leiðir starf samstarfsaðila verkefnisins á landsvísu. LWF Úganda er samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar til margra ára og Hjálparstarfið fer árlega í úttektarferðir til landsins sem veitti tækifæri til að heimsækja flóttamannabúðir í vöktunarferð til landsins árið 2026.

Umrætt verkefni LWF í Úganda spannaði tímabilið frá mars 2024 til mars 2026 og kostaði um 170 milljónir króna. Starfið fer fram á fimm stöðum í Úganda; í móttöku- og flóttamannabúðum í Kisoro, Oruchinga, Rwamwanja, Kyangwali og Nakivale. Verkefnið laut að því að tryggja vatn og hreinlætisaðstöðu fyrir tvö þúsund manns og húsaskjól fyrir fjögur þúsund manns. Um 600 fengju sálfélagslegan stuðning og gætt yrði að kynbundnu öryggi þúsund kvenna og barna.

Í október 2026 var gert framhald á stuðningi við verkefnið og sendar 15,9 milljónir króna til samstarfsaðila Hjálparstarfsins í landinu. Það var gert á grundvelli

neyðarbeiðni ACT Alliance vegna ebólu, átaka og fólksflótta í og frá Kongó. Starfsemin fer fram í Nakivale og Kiryandongo flóttamannabyggðunum. Samkvæmt endurskoðaðri beiðni er gert ráð fyrir að aðstoð LWF WS Uganda nái til a.m.k. 100.000 manns til loka verkefnistímans 30. júní 2027.

Nakivale - flóttamannabyggðin

Starfsmenn Hjálparstarfs kirkjunnar fóru í síðastliðnum aprílmánuði í vettvangsferð til Úganda til að kanna framvindu í tveimur aðskildum þróunarsamvinnuverkefnum Hjálparstarfsins í landinu. Eins og að ofan var lýst gafst þá tækifæri til að heimsækja flóttamannabúðir í Nakivale til að afla upplýsinga um mannúðarverkefnið.

Nakivale-flóttamannabúðirnar voru stofnaðar árið 1958 og eru elstu flóttamannabúðir Afríku þar sem 180 til 200 þúsund manns lifa og starfa. Þau koma aðallega frá Kongó en einnig dvelur þar fólk sem flúði frá Búrúndí, Rúanda og Sómalíu. Búðirnar eru í suðvestanverðu Úganda, ekki langt frá landamærum Kongó og Tansaníu og um 200 kílómetrum frá höfuðborginni Kampala. Þær skiptast niður í um 90 þorp og ná yfir gríðarstórt svæði.

Búðirnar eru þekktar fyrir framsækna uppbyggingu þar sem fólk fær sjálfræði með útdeilingu lands þar sem það getur byggt upp heimili sín og stundað landbúnað. Þetta fyrirkomulag slíkra búða einkennir móttöku flóttafólks til Úganda, en stefna stjórnvalda þar sker sig úr í samanburði við móttöku flóttafólks í öðrum löndum álfunnar. Þó eru miklar takmarkanir sem felast aðallega í tilfinnanlegum skorti á vatni og öðrum nauðsynjum; matarskömmtun er nauðsynleg en er óáreiðanleg; skortur er einnig á lyfjum, heilbrigðisþjónustu og fleiru.

Það má segja að upplifunin við komuna til búðanna hafi verið nokkuð önnur en vænta mátti. Svæðið er ekkert ósvipað sveitabyggðunum í Úganda á stóru svæði og starfsmenn Hjálparstarfsins hafa ferðast um á undanförnum árum í tengslum við þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfsins – mikil náttúra og allt mjög búsældarlegt frá náttúrunnar hendi. Húsin eru dreifð um allt svæðið og mjög ólík að gerð og gæðum. Innan búðanna hafa margir byggt upp heimili sín á löngum tíma en svo eru bráðabirgðaskýli flóttafólks sem er nýkomið þeim húsum næst.

Starfsmenn Hjálparstarfsins fóru um svæði þar sem nýir hópar flóttafólks koma vikulega en þorpin eru tæplega 90 á þessu risastóra svæði – sem sennilega er rétt að kalla flóttamannabyggð en síður flóttamannabúðir. Sú hugmynd sem starfsmenn Hjálparstarfsins höfðu um slíkar búðir/byggðir var allt önnur en það sem fyrir augu bar. Sennilega eru það sérkenni þessara búða vegna skipulagningar þeirra þar sem fólkinu er ætlað að dvelja á svæðinu til lengri tíma. Hér er ekki verið að safna fólki saman til eingöngu neyðaraðstoðar heldur kemur fólkið til að lifa og starfa með litla eða enga von um að snúa til baka, né vilja til þess, að sögn flóttafólks sem rætt var við í heimsókninni.



Myndin gefur hugmynd um hvernig byggðin í Nakivale er skipulögð.



Settar hafa verið upp vatnsstöðvar á nokkrum stöðum en þörfin er gríðarleg á því að fjölga þeim. Fólk sem notar þennan brunn þurfti áður að sækja vatn um langan veg en konur og unglingsstúlkur sáu um það verk. Svona brunnur kemur m.a. í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi sem er daglegt brauð gegn þeim sem sjá um að sækja vatn.

Þrengir mjög að fólki

Starfsmenn LWF sem fylgdu starfsmönnum Hjálparstarfsins í heimsókninni sögðu frá því að á undanförnum mánuðum hefði myndast spenna í flóttamannabyggðinni í Nakivale. Ástæða þess er sú að þegar fólk kemur þangað fær það úthlutað landskika sem nýttur hefur verið af flóttafólki sem hefur dvalið þar í lengri tíma.

Það er nefnilega svo að þegar flóttafólk skilar inn landi við brottför frá búðunum þá hafa aðrir nýtt hann, enda var straumur inn á svæðið óverulegur um nokkurt skeið. Þegar bylgja flóttafólks frá Kongó hófst fyrir alvöru þurfti hins vegar að úthluta þessu landi til þurfandi fjölskyldna, sem hefur vakið upp mikla óánægju, enda erfitt að fyrir fjölskyldu að framfleyta sér á þeim litla landskika sem hverjum og einum er ætlaður.

Það fengust þær upplýsingar frá starfsmönnum LWF að fjórum sinnum fleira fólk dvelur í Nakivale en innviðir þess leyfa og hefur mjög þrengt að á undanförnum tveimur til þremur árum. Á þeim tímapunkti þegar starfsmenn Hjálparstarfsins heimsóttu búðirnar var talið að stjórnvöld teldu mögulegt að taka við um 15.000 manns til viðbótar. Þá taki aðrar búðir í nágrenninu við en þar er einnig þröngt á þingi. Hálf milljón flóttamanna dvelur í flóttamannabyggðum á þessu svæði næst landamærunum. LWF telur að mögulegt sé að taka á móti um 50.000 flóttamönnum frá Kongó áður en allt stefnir í óefni vegna plássleysis en mörg hundruð manns koma yfir landamærin í viku hverri svo ástandið þar fer síst batnandi.

Skelfilegar lýsingar

Fyrirkomulag fólksflutninga til Nakivale, í einfaldaðri mynd, er með þeim hætti að flóttafólkið safnast fyrir í sérstökum móttökubúðum við landamæri Kongó og Úganda. Þar dvelur flóttafólkið um stuttan tíma þangað til því er safnað í fólksflutningabíla sem flytja hópinn til Nakivale – og eru slíkar ferðir vikulega.

Þar er tekið við fólkinu í öðrum móttökustöðvum þar sem fólkið dvelur í viku til tíu daga áður en það fær úthlutað landskika innan flóttamannabyggðarinnar í Nakivale.

Meginhugsun stjórnvalda í Úganda, og innan Nakivale, er hjálp til sjálfshjálpar; allir eiga að vera komnir með landskika og grunnbúnað til dvalarinnar sem fyrst og tekið er á móti fólkinu til langdvalar, þ.e. því er í sjálfsvald sett hversu lengi það dvelur í Nakivale-flóttamannabyggðinni.

Því er „bæjarbragur“ byggðarinnar líkari samfélaginu í kring en þeim flóttamannabúðum sem koma upp í hugann þegar rætt er um mótttöku og dvöl flóttafólks almennt séð.

Starfsmenn Hjálparstarfsins fengu tækifæri til að ræða við allstóran hóp flóttafólks í Nakivale, eða hóp sem taldi 30 til 40 manns. Staða þeirra var ólík innan byggðarinnar en sögur þeirra keimlíkar.

Fólkið var á öllum aldri en hvert og eitt þeirra hefur upplifað á eigin skinni þann óhugnað sem langdregnum stríðsátökum fylgir. Þau höfðu öll flúið þegar fokið var í flest skjól og börn þeirra, ættingjar og vinir höfðu verið



Buninga Hareimana Diadone, sem er bundinn við hjólastól, segir sögu sína ásamt hópi flóttafólks frá Kongó.

myrt af stríðandi fylkingum. Flest þeirra vissu ekkert um afdrif ástvina eða höfðu orðið vitni að því þegar þau voru drepin. Allar eignir voru tapaðar og flestir í raun heppnir að hafa komist lifandi yfir landamærin og að þeirra sögn, og það á við um alla sem við var rætt, kemur ekki til greina að snúa til baka. Þau líta á Úganda sem sitt nýja heimaland og má vitna til orða eins af viðmælendum Hjálparstarfsins varðandi spurninguna um heimför: „Englar dauðans svífa yfir Kongó," sagði Buninga Hareimana Diadone, sem er 51 árs og bundinn við hjólastól eftir að hafa særst í átökunum sem leiddu til þess að hann, eiginkona hans og átta börn flúðu heimaland sitt.



Þessi unga kona, Hadija Mwatse, á fjögur börn. Eitt þeirra dvelur með henni í Nakivale. Í Kongó sá hún eitt barna sinna myrt en 7 ára gamla tvíburasyni telur hún að séu lifandi í Rúanda en þau urðu viðskila fyrir ári síðan.



Rahama fékk átta hænum úthlutað og á nokkrum mánuðum gáfu þær henni yfir 300 egg, sem bætir hag fjölskyldu hennar verulega.

Fjársjóðskistan inniheldur hænur og egg

Á starfssvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu fá konur úthlutað fiðurfé til ræktunar. Fuglarnir og egg þeirra geta gjörbreytt aðstæðum fjölskyldna; tryggja fæðuöryggi þeirra og geta verið lykillinn að stórbættum lífsgæðum hóps fólks.

Í sveitarfélaginu Gobyare í Awbarre-héraði í Eþíópíu býr Rahama Tahir, 37 ára gömul kona, ásamt eiginmanni sínum og fimm börnum. Landið er þar hrjóstrugt og veðuröfgar daglegt brauð með sínum langvinnu þurrkum þar sem vatn, eða öllu heldur skorturinn á því, reynir daglega á þolrif allra sem þar lifa og starfa.

Rahama og eiginmaður hennar, Buh Mohammed, hafa alla sína ævi búið við fullkomna óvissu um hvað morgundagurinn ber í skauti sér, enda þurfa þau daglega að glíma við afleiðingar þurrkanna á tímum þar sem veðurfar er orðið sífellt ófyrirsjáanlegra með áhrifum loftslagsbreytinga í þeirra heimshluta. Það er ekki auðvelt að setja sig í þeirra spor en allir geta tengt við hversu erfitt það hlýtur að vera að eiga þrjár stelpur og tvo stráka undir tíu ára aldri og vita ekki dag frá degi hvernig fæða skal og klæða hópinn.

Viðnámsþróttur samfélagsins

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátækum sjálfsþurftarbændum í Sómalífylki í Eþíópíu. Í verkefnisfasa sem hófst í byrjun árs 2025 og lýkur í árslok 2028 verður unnið með 3.485 bændafjölskyldum, samtals um 23.000 manns, í fjórum sveitarfélögum í Awbare-héraði að því að auka viðnámsþrótt samfélagsins gegn loftslagsbreytingum og bæta lífsviðurværi fólksins. Einn af fjölmörgum verkþáttum er að konur fá sérstaka aðstoð við að koma sér upp hænsnarækt og hefur þessi verkþáttur um valdeflingu kvenna reynst afar vel heppnaður. Starfsfólk og þátttakendur verkefnisins hafa lýst þeirri upplifun aftur og aftur í samtölum við Hjálparstarfið. Rahama og fjölskylda hennar falla undir verkþáttinn og reynsla þeirra byggir enn frekar á þeim upplýsingum sem Hjálparstarfið hefur.

Endalaus bið að baki

„Áður en ég fékk þessa hjálp við að eignast hænurnar gat ég ekkert lagt til heimilisins," segir Rahama með hægð. „Allir dagar voru eins. Endalaus bið eftir því að sjá hvað eiginmanni mínum hafði tekist að afla yfir daginn. Ég var föst hérna inni á heimilinu og var uppgefin á sál og líkama vegna stöðugrar óvissu um hvað við hefðum milli handanna þann daginn," segir Rahama þegar hún var beðin um að lýsa hefðbundnum degi áður en hún var valin til þátttöku í verkefninu.

Verkefnið markaði þáttaskil í lífi fjölskyldunnar, segir Rahama. Henni bauðst fjölþætt þjálfun í alifuglarækt – sem náði til almennra starfshátta ræktunar, fóðurgerðar, sjúkdómavarna, tækni við umönnun unga auk færslu búreikninga og bókhalds. Þetta veitti henni nauðsynlega þekkingu til að halda lítinn bústofn sem hún hefur síðan gert með góðum árangri.

Að námskeiðinu loknu fékk hún nefnilega úthlutað átta hænum af kynbættum stofni. Fuglarnir eru valdir eftir seiglu þeirra og aðlögunarhæfni í þeim erfiðu aðstæðum sem einkenna þennan landshluta Eþíópíu en ekki síður eftir því hversu frjósamir þeir eru og fjölda eggja sem frá þeim koma.

Þegar starfsfólk Hjálparstarfsins og Rahama ræddu saman um verkefnið hafði hún á nokkrum mánuðum fengið yfir 300 egg frá hænunum átta. Bróðurpartinn hafði hún nýtt heima við með það sérstaklega fyrir augum að bæta mataræði barnanna en þeirra hjóna einnig.

Fimmtung eggjanna selur Rahama hins vegar á útimarkaði stutt frá heimili þeirra og eggin eru eftirsótt.

„Eggin eru sem fjársjóður fyrir okkur. Börnin fá hollari mat en nokkru sinni áður og þau eru heilbrigðari sem sést á leik þeirra og frammistöðu í skólanum. Þau eru sterkari, virkari í leik og starfi og áhugasamari í skólanum," segir Rahama.

Stolt fylgir iðjusemi

Sú mynd sem Rahama dregur upp er þó aðeins ein birtingarmynd verkefnisins sem ristir enn dýpra. Verkefnið hefur brotið niður menningarlegar hindranir í samfélagi þar sem hefðbundin viðhorf hafa lengi takmarkað möguleika kvenna til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Nú heyrist rödd þeirra skýrar; Rahama hefur öðlast meira sjálfræði og nýtur virðingar í þorpinu þar sem hún á nú í opnari samskiptum við samferðamenn sína þar sem hún deilir reynslu sinni og byggir upp tengslanet sitt. Hún segir að samskipti hennar við eiginmann sinn hafi breyst og dýpkað og samstarf hafi tekið við og fært inn á heimilið samlyndi og reisn.

Orð hennar lýsa djúpstæðum breytingum á daglegu lífi jafnt sem hugarfari.

„Þessi stuðningur sem við höfum fengið er ekki bara fjárhagslegur – hann heldur okkur uppteknum allan daginn. Streitan sem fylgir iðjuleysi er horfin og í staðinn er kominn tilgangur og ég er stolt af árangri okkar og stöðu," segir Rahama sem ætlar að nýta ágóðann af eggjasölunni vel. Hún ætlar að leggja fyrir í gegnum sparnaðar- og lánahóp þorpsins með skýra og metnaðarfulla framtíðarsýn að vopni.

> **Eggin eru sem fjársjóður fyrir okkur. Börnin fá hollari mat en nokkru sinni áður og þau eru heilbrigðari sem sést á leik þeirra og frammistöðu í skólanum.**



„Ég ætla að safna nægilega miklum peningum til að kaupa geitur, stækka búfjárstofninn okkar og eignast síðan litla verslun. Þar ætla ég að selja egg og margt fleira. Ég er hamingjusöm því eiginmaður minn er stoltur og styður mig. Hænurnar og eggin eru kannski bara búfénaður í augum flestra en fyrir okkur eru þær vonargeisli sem lýsir veginn að bjartari og öruggari framtíð fyrir okkur öll."



Rahama fékk átta hænum úthlutað og á nokkrum mánuðum gáfu þær henni yfir 300 egg, sem bætir hag fjölskyldu hennar verulega.



Verkefnið ekki síst að því að tryggja öruggt drykkjarvatn og salernisaðstöðu og fræðsla er veitt um mikilvægi hreinlætis og sjúkdómavarnir. Mynd/NCA

Aðstoð við fólk á vergangi

Hjálparstarf kirkjunnar sendi í maí síðastliðnum 20 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Líbanon vegna stríðsástands í landinu.

Stefna Hjálparstarfs kirkjunnar er að bregðast við neyð þar sem þörfin er brýnust á hverjum tíma. Við val á verkefnum er horft til þess að þau séu í lágtekjuríkjum, sérstaklega í Afríku sunnan Sahara en einnig í ríkjum fyrir botni Miðjarðarhafs. Fyrst og fremst bregst Hjálparstarfið við neyðarbeiðnum frá Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem samhæfir aðgerðir.

Hjálparstarfið sendi í maí síðastliðnum 20 milljónir króna til mannúðaraðstoðar í Líbanon samkvæmt verkefnalýsingu í neyðarbeiðni ACT Alliance. Neyðarbeiðnin var upphaflega sett fram í kjölfar svæðisbundinna átaka haustið 2023 og stríðsins á Gaza. Átök yfir landamæri Ísraels og Líbanons jukust þá verulega oga hafa síðan valdið miklu mannfalli, fólksflótta og skemmdum á innviðum. Með nýjustu endurskoðun var verkefnið framlengt og umfang þess aukið til að mæta vaxandi þörf fyrir mannúðaraðstoð í kjölfar árása Bandaríkjanna og Ísraels á innviði í Íran í lok febrúar síðastliðins. Um miðjan mars höfðu á annan tug ríkja, þeirra á meðal Líbanon, dregist inn í átökin á svæðinu.

Stríð ofan á efnahagskreppu

Undir lok mars sl. stóð svæðisskrifstofa Alþjóðlegs Hjálparstarfs kirkna, ACT Alliance, í Miðausturlöndum, ACT MENA, fyrir samráðsfundi þar sem farið var yfir stöðuna og samhæfingu mannúðaraðstoðar vegna stríðsátaka á svæðinu.

Á fundinum kom fram að þörf fyrir aðstoð hafði aukist verulega víða um svæðið en að neyðin væri sérstaklega mikil í Líbanon, þar sem fjöldi fólks hafði þurft að flýja heimili sín og aðgengi að grunnþjónustu versnað hratt. Sjúkrahús, skólar, vatnsveitur, samgöngumannvirki og aðrir innviðir höfðu orðið fyrir miklu tjóni. Auk þess hefur efnahagskreppa ríkt í landinu frá árinu 2019.

Hjálparstarfið ákvað að fjárframlagið skyldi renna til verkefnis norska Hjálparstarfs kirkjunnar, NCA, í Líbanon. NCA hefur starfað að mannúðaraðstoð í landinu frá árinu 2013 og hefur víðtæka reynslu af verkefnum á sviði vatns- og hreinlætismála, verndar viðkvæmra hópa og stuðnings við samfélög sem hafa laskast vegna átaka og fólksflótta.

Stutt við fólk á vergangi

Þungamiðja verkefnisins er að þörfum fólks á vergangi er mætt. Vandi fólksins er tilkominn vegna skemmda á innviðum og skertu aðgengi að grunnþjónustu, sérstaklega vatni og heilbrigðisþjónustu. Sérstaklega er hugað að þörfum barna, kvenna og stúlkna í hættu á kynbundnu ofbeldi, aldraðra og fólks með fatlanir.

Verkefnið lýtur í fyrsta lagi að því að tryggja öruggt drykkjarvatn og salernisaðstöðu og fræðsla er veitt um mikilvægi hreinlætis og sjúkdómavarnir. Skorti á hreinlætisvörum er mætt og konur og stúlkur fá afhent sæmdarsett; pakka sem innihalda nauðsynlegar persónulegar hreinlætisvörur sem þær þurfa til að viðhalda heilsu, hreinlæti og reisn við erfiðar aðstæður.

Þá er unnið að uppbyggingu innviða eins og viðgerðum á lagna- og fráveitukerfum til dæmis í heilsugæslustöðvum og skólum og með uppsetningu sólarorkuknúinnar vatnsveitu þar sem því verður við komið. Þannig er þess freistað að styrkja heilbrigðis- og menntastofnanir svo þær geti rækt hlutverk sitt.

Fólki á flótta, og þá ekki síst konum og börnum er veittur sálfélagslegur stuðningur og athvarf. Eins fær fólk í viðkvæmri stöðu sérfræðiaðstoð og unnið er að því að auka samfélagsvitund gagnvart þeim hættum sem konur og stúlkur standa frammi fyrir þar sem stríðsástand ríkir. Bændur og eigendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja eru studdir til hefja starfsemi á ný og samfélög að endurreisa grunnþjónustu á stríðshrjáðum landsvæðum.

Framlag Hjálparstarfs kirkjunnar til verkefnisins var að meðtöldum stuðningi utanríkisráðuneytisins til mannúðaraðstoðar á vegum Hjálparstarfsins.



Hlustaðu allan hringinn!

Þökkum stuðninginn!

Reykjavík

Aðalhreinsir-Drífa ehf
Aðalvík ehf
Alba gistiheimili
Apparat ehf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ASK Arkitektar ehf
Atvinnueign ehf
Aurum
Álnabær ehf, verslun
ÁM-ferðir ehf
Árni Helgason
B&B gluggatjaldahreinsun ehf
B.B.bílaréttingar ehf
Bananar ehf
BBA FJELDCO ehf
Betra líf ehf
Betri bílar ehf, s: 568 1411
BGI málarar ehf
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs
Birtingur ehf
Bíl - Pro ehf
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómagallerí
Bor ehf
Bókaútgáfan Hólar ehf
Bókhaldsþjónustan Örninn ehf
Bón Fús
Brunahönnun slf
Brúnás innréttingar
BSI bifreiðaverkstæði ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
Claudia & Partners Legal Se ehf
Creditinfo
CrossFit Reykjavík
Dalfoss ehf
Danfoss hf
Danska kráin
Davor Purusic
Dómkirkjan í Reykjavík
Eðalklæði ehf
Eignaumsjón hf
English Pub
Fanntófell ehf
Felgur smiðja ehf
Ferró - Prentþjónusta & skiltagerð
Félag atvinnurekenda
Félag eldri borgara
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna
Fiskbúðin Sundlaugavegi
Fiskkaup hf
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fold uppboðshús ehf
Fylkir ehf
Fyrirtak málningarþjónusta ehf
Föt og skór ehf
G Þ Skartgripir og úr & Gullbúðin
G3 ehf, hestakerrur í Víðidal
Gastec ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gólfefnaval ehf
Grænn markaður ehf
Gull og silfur ehf
Gullnesti ehf
Gunnar Örn - málningarþjónusta
Gæðabakstur og Ömmubakstur
H.Jónsson ehf, rétting og sprautun
Hagi ehf - Hilti
Hagkaup
Halldór Jónsson ehf
Hallgrímskirkja
Hampiðjan hf
Henson sports
Hið íslenska bókmenntafélag
Hjá Ingvarsson ehf
Hjúkrunarheimilið Eir
Hollt og gott ehf
Hókus Pókus ehf
Hrafnistuheimilin
Hvítlist hf
Höfðahöllin bílasala
Iðnú útgáfa
INNlifun Innréttingaverslun
Intra Legem slf
Island Apartments
ÍslandsApótek ehf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ís-spor ehf
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
Íþróttafélagið Fylkir
Íþróttasamband fatlaðra
J.E. 101 ehf
Járn og gler hf
JHM - sport.is
JYSK, Góð tilboð
K. H. G. Þjónustan ehf
Kemi ehf - www.kemi.is
Kjaran ehf
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Kólus ehf
KTM og Husqvarnaumboðið á Íslandi
Kurt og Pí ehf
Könnuður ehf
LAG Lögmenn
Lagahvoll slf
Lambhagi ehf
Landsmennt fræðslusjóður
Landssamband lögreglumanna
Leir og postulín ehf
Litsýn ehf
Ljósið rafverktakar ehf
Læknahúsið Dea Medica ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögmannafélag Íslands
Lögskil ehf
Mekka Wines & Spirits hf
Millimetri sf
MS Armann skipamiðlun ehf
Nýi tónlistarskólinn
Olís hf
Ortis tannréttingar slf
Ottó B. Arnar ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Pfaff hf
Pingpong.is
Pixel ehf
Pípulagnaþjónusta Reykjavík ehf
Pökkun og flutningar ehf
Raflax ehf
Rafstjórn ehf
Raftar ehf
Raftvistur ehf
Rafver hf
Rafvolt ehf
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Remax Senter
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Reyktal þjónusta ehf
Ríkismennt fræðslusjóður
Rýni endurskoðun ehf
Samfylkingin
Sendibílar Reykjavíkur ehf
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sigurraf ehf
Silkiprent ehf
Síma- og tölvulagnir ehf
Sjómannasamband Íslands
Sjúkraliðafélag Íslands
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skorri ehf
Skósmiðurinn Háaleitisbraut 68
Skýrslur og skil
Smith og Norland hf
Smyril Line Ísland ehf
Snarmerki ehf - skiltagerð og raflagnaþjónusta
Snyrtistofa Grafarvogs ehf
Sonik tækni ehf
Stansverk ehf
Stjörnuegg hf
Straumkul ehf
Sumargarðar ehf
Svarta Kaffið kaffihús
Sveitamennt, fræðslusjóður
Systrasamlagið ehf, verslun og kaffihús
Sýnileiki ehf
T.ark Arkitektar
Teikna - teiknistofa arkitekta ehf
Tensio ehf
Terra Export ehf

Tékkland bifreiðaskoðun ehf
THG arkitektar ehf
Tort innheimta slysabóta og Forum lögmenn
Tónastöðin ehf
Tónskóli þjóðkirkjunnar
Trackwell hf
Trésmiðja Pálma ehf / Pálmi Ingólfsson
Trévirki ehf
Túnþökuþjónustan ehf
Tölvu- og verkfræðiþjónustan
Tösku- og hanskabúðin ehf
Úti og inni sf
Vatnaskil ehf
VDO ehf
Veiðiþjónustan Strengir
Verkengi ehf
Verkhönnun ehf
Verslun Guðsteins
Verslunin Vínberið
Vesturgarður ehf
Vélvík ehf
Við og Við sf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Vinnumálastofnun
Vinnupallar ehf
Víkurvagnar ehf
VK verkfræðistofa ehf
Vörn, öryggisfyrirtæki
Vörukaup ehf
Woolroom.is
XCO ehf
Yrki arkitektar ehf
Þór hf
Önundur ehf
Örninn - hjól

Seltjarnarnes
Horn í horn ehf, parketlagnir
Línudans með Jóa

Vogar
Brák gisting ehf
Við sjóinn ehf - tjaldstæði - Vogum

Kópavogur
ALARK arkitektar ehf
Arkís arkitektar ehf
AX Lögmannsþjónusta slf
Bak Höfn ehf
Barki ehf
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
Bílasprautun og réttingar Auðuns
Bílhúsið ehf
Bliki bílamálun og réttingar ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Bókhaldsstofan Akralind ehf
Brikk
Brunabótafélag Íslands
Clinica tannlæknastofa
Cozy Campers ehf

Deloitte hf
Dressmann á Íslandi ehf
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari
Félag stjórnenda, Suðurland, Suðurnes, Vesturland, Vestfirðir
GG Sport
GR Verk ehf
Hjallakirkja
HL Adventure ehf
Hljóðbók slf
Ingi hópferðir ehf
Íslenskt sjávarfang ehf
Ísnes ehf, heildverslun
JTV ehf
Karína ehf
Kírópraktorstofa Íslands
Lakkskemman ehf
Landmótun sf
Lindabakarí ehf
Litlaprent ehf
Lín design
Loft og raftæki ehf
Mannrækt og menntun ehf, s: 899 7999
Norm X ehf
RAMIS ehf
Reiknistofa bankanna hf
S. Grétarsson ehf
Segull ehf
Sjúkraþjálfun Íslands ehf
Suðurverk hf
Sýni ehf
Sælgætisgerðin Freyja ehf
Tekk húsgagnaverslun
Teledyne Gavia ehf
Útfararstofa Íslands ehf
Verkfræðistofa Bjarna Viðar ehf
Vetrarsól ehf, verslun
Vélastilling sf
Vinnuföt, heildverslun ehf
Víkurverk ehf
Zenus gluggatjöld
Öreind ehf

Garðabær
AH Pípulagnir ehf
Fagval ehf
Hagráð ehf
Icewear
Kerfóðrun ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Rafboði
Val - Ás ehf

Hafnarfjörður
Bílaverk ehf, bílamálun og réttingar
Blikksmíði ehf
Brettasmiðjan ehf
Colas Ísland
Dalshraun 12 ehf
direkta.is

E. Pétursson ehf
Efnalaugin Glæsir
Elmax ehf
EMO ehf
Fjarðarmót ehf
GC Rieber Minerals ehf
Grafa og grjót ehf
GÞG ráðgjöf slf-Íslenskir endurskoðendur
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Hagstál ehf
Hagsuða ehf
Hamraborg ehf
Holtanesti
Hvalur hf
Ísblik ehf
Kambstál ehf
Kat ehf - www.kat.is
Krossborg ehf
Krydd Veitingahús
Litaskil ehf
Lýsir ehf
Metis bókhald og ráðgjöf ehf
Músik og Sport ehf – www.musikogsport.is
Nonni Gull
Prókúra bókhaldsstofa
Rammagerðin - Varma
Sjúkraþjálfarinn ehf
Stál og suða ehf
Úthafsskip ehf
VELLIR bókhaldsþjónusta ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vír og lykkjur ehf
www.direkta.is

Álftanes
Alhliða hreingerningaþjónusta - Brynjólfur Sigurðsson
Útgerðarfélagið Berg ehf
Verslunarfélagið Emerald ehf

Reykjanesbær
Benni pípari ehf
Bergraf ehf
Bílrúðuþjónustan ehf
Blikksmiðja Davíðs slf
CampEasy ehf
Dýralæknastofa Suðurnesja
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
geoSilica Iceland ehf
Hápípan ehf
Humarsalan.is
Júlíus Helgi Einarsson
Lava Car Rental ehf
Líndal ehf
Nesraf ehf
paloma.is
Pulsuvagninn í Keflavík
Rafkompaní ehf

Reykjanesapótek ehf
Rétturinn ehf
SB Málun ehf
Sigurjónsbakarí
Skólar ehf
TSA ehf
Víkurfréttir ehf

Grindavík
H.H. Smíði ehf
Stakkavík ehf
Vísir ehf

Suðurnesjabær
Leikskólinn Gefnarborg
Lighthouse Inn Hotel
SI raflagnir ehf

Mosfellsbær
Afltak ehf
Ásgarður Handverkstæði
Byggingafélagið Bakki ehf
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Gluggatækni ehf
Hagvís ehf
Hammer ehf
Kjarni Lögmannsstofa slf
Kopar & Zink ehf
Lionsklúbburinn Úa Mosfellsbæ
Malbikstöðin ehf
Mosfellsbakarí
Múlalundur, vinnustofa S.Í.B.S
Nonni litli ehf
Pípulagningaþjónusta B Markan ehf
Verkstæðið ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
VGH-Mosfellsbæ ehf

Akranes
Garðar Jónsson málarameistari
Hvalfjarðarsveit
Jón Árnason ehf
LH bókhald ehf
Norðanfiskur ehf
Tannlæknastofan 2Gómar ehf
Trésmiðjan Akur ehf
Vogir ehf

Borgarnes
Akurholt ehf
Blómasetrið - Kaffi kyrrð
Borgarbyggð
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf
Háskólinn á Bifröst
Kolbeinsstaðasókn
Landlínur ehf
Snorrastaðabúið slf
Solo hársnyrtistofa sf

Stykkishólmur
F. Engey ehf

Grundarfjörður
Dvalarheimilið Fellaskjól
Rútuferðir ehf
Þjónustustofan ehf

Ólafsvík
Hrund sf, gjafavöruverslun

Snæfellsbær
Hótel Búðir
Stafnafell ehf

Hellissandur
Sjávariðjan Rifi hf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

Búðardalur
Rafsel Búðardal ehf
Rjómabúið Erpsstaðir ehf

Reykhólahreppur
Reykhólahreppur

Ísafjörður
borea.is
GG málningarþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Hótel Heydalur
Húsið Ísafirði
Ísblikk ehf
Massi þrif ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Rafskaut ehf
Steypustöð Ísafjarðar ehf
www.borea.is
Þrymur hf, vélsmiðja

Hnífsdalur
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf

Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Í minningu Antons Rúnars Helgasonar
Mýrarholt ehf
Rafverk AG ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur

Súðavík
Súðavíkurhreppur

Suðureyri
Fiskvinnslan Íslandssaga hf

Þingeyri
Grillir ehf

Staður
Kvenfélagið Iðunn

Árneshreppur
Árneshreppur – www.arneshreppur.is

Hvammstangi
Selasetur Íslands ehf

Blönduós
Húnabyggð
Kvenfélag Svínavatnshrepps
Teni veitingahús

Sauðárkrókur
Aldan - stéttarfélag
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Byggðastofnun
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
K-Tak ehf
Steinull hf
Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Vörumiðlun ehf

Hofsós
Íslenska fánasaumastofan ehf

Siglufjörður
JE Vélaverkstæði ehf
Siggi Odds ehf
Siglufjarðar Apótek ehf

Akureyri
Almenna lögþjónustan ehf
Arte rakarastofa
AVH Arkitektúr- Verkfræði-Hönnun
Baugsbót ehf, bifreiðaverkstæði
Bílapartasalan Austurhlíð
Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Bútur ehf
Eining-Iðja
Enor ehf
Eyjafjarðarsveit
Fasteignasalan Hvammur ehf
Geimstofan ehf, auglýsingastofa
Grófargil ehf
Halldór Ólafsson, úr og skartgripir
Hlíð hf
India karry kofi ehf, Reykjavík & Akureyri
Ljósco ehf
Matur og Mörk ehf
Rafmenn ehf
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Steypusögun Norðurlands ehf

Tannlæknastofa Árna Páls
Tannlæknastofa Hauks og Bessa
Toyota Akureyri
Trétak ehf
uvavino.is
Veitingastaðurinn Krua Siam
Verkval ehf
www.uvavino.is

Grenivík
Pharmarctica ehf

Dalvík
EB ehf
Tannlæknastofan Dalvík

Húsavík
Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf

Mývatn
Daddi's pizza, Mývatnssveit
Dimmuborgir guesthouse
Hlíð ferðaþjónusta ehf
Jarðböðin við Mývatn
Reykjahlíðarsókn

Kópasker
BR tannlæknar slf
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Þórshöfn
Fiskmarkaður Þórshafnar ehf

Vopnafjörður
Bílar og vélar ehf

Egilsstaðir
Ársverk ehf
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstadir
Menntaskólinn á Egilsstöðum
MSV, Stál og Vélar ehf
Myllan vélaverktakar ehf
Tréiðjan Einir ehf
Ylur hf
Ökuskóli Austurlands sf

Reyðarfjörður
AFL - Starfsgreinafélag
Fjarðaveitingar ehf

Eskifjörður
Fjarðaþrif ehf
Kaldvík hf
R.H.gröfur ehf

Neskaupstaður
Fjarðalagnir ehf
G.Skúlason vélaverkstæði ehf
Samvinnufélag útgerðamanna
Tannlæknastofan
Verkmenntaskóli Austurlands

Fáskrúðsfjörður
Loðnuvinnslan hf

Breiðdalsvík
Goðaborg ehf

Djúpavogur
Geislar Hönnunarhús ehf

Höfn í Hornafirði
AJTEL ICELAND ehf
Birkifell ehf - Birkifelli
Höfn Inn Guesthouse
Króm og hvítt ehf
Rósaberg ehf
Sveitafélagið Hornafjörður
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Ögmund ehf

Selfoss
AB-skálinn ehf
Arnthorsson lögmannsþjónusta
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bíltak ehf
Blásteinn byggingafélag sf
Gallerí Ozone Selfossi
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Gróðrarstöðin Storð ehf
Guðmundur Tyrfingsson ehf
H.M.lyftur ehf
Hótel Gullfoss
Hótel Skáholt
JÁ pípulagnir ehf
Jóhann Helgi & Co ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Lögmannsstofa Ólafs Björnssonar
Mika Restaurant
Pípulagnir Suðurlands ehf
Prentverk Selfoss ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Rakarastofa Björns og Kjartans, s: 482 2244
Reykhóll ehf
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
Stálkrókur ehf
Stíflulosun Suðurlands ehf
Suðri ehf
Súperlagnir ehf, s: 664 8892

Tannlæknaþjónustan.is, s: 482 3333
Tré og Straumur ehf
Ullarverslunin Þingborg ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf
Úthlíð Ferðaþjónusta

Hveragerði
Frost og Funi Hótel
Kjörís ehf
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar ehf
Raftaug ehf

Þorlákshöfn
Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus
Eldhestar ehf
Gluggaiðjan Ölfusi ehf

Laugarvatn
Miðdalskirkja

Hella
Hellismenn ehf

Hvolsvöllur
Bjólfell ehf
Eyrarbúið ehf
Krappi ehf, byggingaverktakar
Rangárþing eystra
Smári S ehf
Torf ehf
Viðskiptaþjónusta Suðurlands - umboð TM tryggingа

Vík
Hótel Dyrhólaey Ás
RafSuð ehf

Vestmannaeyjar
Bílaverkstæði Sigurjóns
Bókasafn Vestmannaeyja
Bragginn sf, bílaverkstæði
Bylgja VE 75 ehf
Ísfélag hf
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf

Stefna
Tannlæknastofan Valhöll
Travel connect
Útilegumaðurinn
Þar sem ferðalagið byrjar
Mjölnir VBF 867-1526 • vbfmjolnir@simnet.is
Verkís
VHE Hugvit í verki
Vélsmiðja Orms & Víglundar
VSB Verkfræðistofa
VSÓ Ráðgjöf
Vörður hluti af Arion
Williams & Halls
Würth
SB Skiltagerð

Gjöf sem gefur



www.gjofsemgefur.is